

Jakob Karlsson (1885-1957), kaupmaður Akureyri

Afhending 2020/51

Jakob Karlsson fæddist á Akureyri þann 17. ágúst 1885 og lést þann 22. júní 1957. Jakob var sonur hjónanna Karls Kristjánssonar, verslunarmanns og konu hans, Guðnýjar Jóhannsdóttur. Jakob missti föður sinn ungur að aldri en ólst upp hjá móður sinni á Akureyri.

Fyrir fermingu var Jakob farinn að vinna í verslun hjá frænda sínum, Magnúsi Kristjánssyni, en árið 1910 hóf Jakob störf sem sýsluskrifari hjá þáverandi sýslumanni Eyjafjarðarsýslu. Eftir 2 ár í því starfi stofnaði Jakob sína eigin verslun og útgerð. Jakob var einnig umboðsmaður Olíuverzlunar Íslands á Akureyri frá stofnun hennar árið 1927 fram til ársins 1948. Jakob sinnti einnig afgreiðslu póstbátsins um tíma sem og afgreiðslu fyrir Eimskipafélag Íslands og Skipaútgerð ríkisins, sem hann sinnti allt til 1952 þegar hann varð að láta af störfum vegna heilsubrests.

Jakob var einn af stofnendum Þúfnabanafélagsins og stóð fyrir kaupum á stórvirkum vinnuvélum til jarðræktar. Hann keypti stórt land til ræktunnar fyrir ofan Akureyri þar sem hann byggði upp stórbýlið Lund, sem var um tíma eitt stærsta kúabú í Eyjafirði. Samhliða búskapnum sinnti Jakob störfum sínum í bænum af mikilli samvisku. Jakob sat einnig í stjórn Búnaðarfélags Eyjafjarðar og Ræktunnafrélags Norðurlands. Hann sat einnig í bæjarstjórn Akureyrar á árunum 1923- 1929 og aftur frá 1938-1942. Hann átti líka sæti í hafnarnefnd og sáttanefnd fyrir Akureyrarbæ og sat í sóknarnefnd Akureyrarkirkju.

Jakob var mikill áhugamaður um menningarmál og hafði einstakan áhuga á dýralífi og dýravernd. Hann átti stóran þátt í því að Pollurinn var friðaður fyrir skotum. Hann átti mikið safn af uppstoppuðum fuglum sem hann gaf Akureyrarbæ og lagði þar með grunninn að náttúrugripasafni á Akureyri. Hann var stór styrktaraðili byggingar heilsuhælis í Kristnesi og lagði því máli mikinn lið á ýmsan annan hátt. Jakob var einnig í stjórn Vinnuveitendafélags Akureyrar um árabil.

Jakob giftist Kristínu Sigurðardóttur frá Lundi í Fnjóskadal árið 1909 og var hjónaband þeirra mjög farsælt. Þau eignuðust 5 börn, en misstu eina dóttur kornunga. Einnig tóku þau að sér eina fósturdóttur.

Afhendingin barst frá Bergljótu Jónasdóttur barnabarni Jakobs. Áður hafa safninu borist, frá sama skjalamyndara, afhendingar nr. 936, 1000 og 2011/79.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. nóvember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Jakob Karlsson

A-Jakob Karlsson

A	1	1	1920 - 1931	Bréfabók frá afgreiðslu skipa, bæði Landsverslunar og Eimskipafélags Íslands
---	---	---	-------------	--